

LÖG**um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1982,
um málefni aldraðra.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. tl. 10. gr. laganna:

1. Í stað „kr. 300“ í 2. ml. komi: kr. 460.
2. Í stað „kr. 60 000“ í 3. ml. komi: kr. 92 400.

2. gr.

3. tl. 12. gr. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunardeildum og sjúkradeildum fyrir aldraða, með jafnháu framlagi af mörkuðum tekjustofnum sjóðsins og nemur þeirri fjárhæð sem sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.